



SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

GREINARGERÐ UM FRAMVINDU SAMNINGA OG
RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA 2016

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL

SEPTEMBER 2017

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2016.

September 2017

Útgefandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

Sölvhólgötu 7

101 Reykjavík

Netfang: postur@srn.is

Veffang: www.srn.is

Ábyrgð: Hanna Dóra Hólm Másdóttir og Hólmfríður Sveinsdóttir

© 2017 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið



SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1
1. kafli Sóknaráætlanir landshluta.....	3
2. kafli Fjárframlög til samninga.....	6
3. kafli Samráðsvettvangar landshluta	9
4. kafli Áhersluverkefni landshluta	11
5. kafli Uppbyggingasjóðir landshluta.....	13
Dæmi um verkefni uppbyggingarsjóða	19
Lokaorð.....	27

MYNDIR

Mynd 1. Fyrirkomulag sóknaráætlunar í hverjum landshluta	5
--	---

TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjárhæð til sóknaráætlanasamninga	6
Tafla 1a. Samanburður heildarfjárframlaga árin 2016 og 2015	6
Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga.....	7
Tafla 2a. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga árin 2016 og 2015	7
Tafla 3. Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum	9
Tafla 4. Áhersluverkefni landshluta.....	11
Tafla 5. Upplýsingar um umsóknir / styrki	14
Tafla 5a. Samanburður upplýsinga um umsóknir / styrki árin 2015 og 2016 ...	15
Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa	15
Tafla 7. Kyngreind áhrif starfa sem ætlað er að skapist á verkefnatíma	15
Tafla 7a. Vesturland	16
Tafla 7b. Vestfirðir	16
Tafla 7c. Norðurland vestra	16
Tafla 7d. Norðurland eystra.....	16
Tafla 7e. Austurland	16
Tafla 7f. Suðurland.....	17
Tafla 7g. Suðurnes.....	17
Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun umsókna.....	18
Tafla 9. Atvinnugreinaflokkun styrkja	18

VIÐAUKAR

Viðauki 1 Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	29
Viðauki 2 Áhersluverkefni árið 2016.....	30
Viðauki 3 Landshlutaskipting sóknaráætlana	36
Viðauki 4 Merki sóknaráætlana landshluta	37

Í þessari greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra árið 2016. Auk er gerður samanburður milli ára 2015 og 2016, sem og samanburður milli landshluta. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins. Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL ÁRIÐ 2016

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, formaður

Elvar Knútur Valsson. Helga Haraldsdóttir tók hans sæti í september

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Sigurður Guðmundsson

Forsætisráðuneyti

Héðinn Unnsteinsson. Steinunn Halldórsdóttir tók hans sæti í júní

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Karitas Halldóra Gunnarsdóttir

Þórarinn V. Sólmundarson

Innanríkisráðuneyti

Stefanía Traustadóttir

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Björn Helgi Barkarson

Utanríkisráðuneyti

Unnur Orradóttir Ramette. Ingibjörg Rafnar Pétursdóttir, tók hennar sæti í maí. Anna Katrín Vilhjálmsdóttir, tók hennar sæti í október

Velferðarráðuneyti

Þór Garðar Þórarinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson

ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Byggðastofnun

Árni Ragnarsson

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Björg Björnsdóttir

VERKEFNISSTJÓRI

Hólmfríður Sveinsdóttir, Byggðastofnun

SAMANTEKT

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að hún nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstöfun þeirra fjármuna, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, byggist á svæðisbundnum áherslum og markmiðum sem settar eru fram í sóknaráætlun landshlutans og samræmast gildandi byggðaáætlun hverju sinni.

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið.

Með sóknaráætlum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingasjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingasjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Á þessu öðru ári samninganna var unnið að samtals 54 áhersluverkefnum og nam framlag til þeirra rúmum 300 milljónum króna. Alls hlutu 630 verkefni styrki úr uppbyggingasjóðunum, samtals að fjárhæð 429 milljónum króna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum frá öllum ráðuneytum og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Á meðal verkefna stýrihópsins er að fá ráðuneytin, Samband íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnun til að starfa betur saman og horfa með heildstæðum hætti til byggðaþróunar í stefnumótun sinni. Einn þáttur í samstarfinu snýr að því að samþætta opinberar stefnur og vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum. Á þessu samningstímabili er áfram unnið að því að móta verklag stýrihópsins að því er snertir samskipti við landshlutasamtökin, ríkisstjórn, ráðherra og ráðuneyti til að tryggja flæði upplýsinga.

Þegar þessi orð eru rituð er samningstími sóknaráætlanasamninga hálfnaður og tímabært að huga að framhaldinu. Framtíðarsýnin er sú að sóknaráætlunir landshluta haldi áfram að þróast og eflast, að samningsaðilar auki enn frekar fjárframlög til samninganna og að sóknaráætlunir verði grundvöllur samstarfs ríkis og sveitarfélaga á fleiri sviðum. Sóknaráætlunir eru æskilegur farvegur fyrir byggðatengt fjármagn og huga þarf betur að því að tengja sóknaráætlun hvers landshluta við aðra opinbera stefnumótun, ekki hvað síst við byggðaáætlun.

1. KAFLI SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTA

Sóknaráætlanir landshluta eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga með það að markmiði að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna á forgangsörðun og ráðstöfun fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar sem ekki eru falin öðrum með lögum. Tilgangurinn er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna á sínum svæðum.

Forsögu sóknaráætla landshluta má rekja til ársins 2011 þegar byrjað var að þróa hugmyndafræðina innan Stjórnarráðsins. Í ríkisstjórnarsamþykktinni *Ísland 2020* var kveðið á um *Sóknaráætlanir landshluta* og lagt til að unnar yrðu sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta í samvinnu ráðuneyta, landshlutasamtaka, stofnana, sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og haghafa á hverju svæði. Í samræmi við tillögu að útfærslu sóknaráætla landshluta sem samþykkt var af ráðherranefnd um ríkisfjármál 21. febrúar 2012 skipaði þáverandi innanríkisráðherra stýrinet¹ Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta og verkefnastjóri tók til starfa. Verkefnisstjórinn var starfsmaður Byggðastofnunar en með aðsetur í ráðuneytinu. Í kjölfarið hófu allir landshlutar vinnu við gerð sóknaráætla og skipaðir voru samráðsvettvangar sem tóku þátt í þeirri vinnu. Verkefni stýrinetsins voru meðal annars að vinna með landshlutum og öðrum haghöfum að því að samþætta fyrirkomulag styrkveitinga í formi samninga (s.s. vaxta- og menningarsamninga), atvinnuþróunarfélög og ýmsa þjónustu ríkisins í landshlutunum undir einn hatt og tengja með beinum hætti við sóknaráætlanir. Stýrinetið átti einnig að vinna að gerð framtíðarfyrirkomulags á fjármögnun sóknaráætlanaverkefna og vinna drög að viðmiðunarreglum um skiptingu fjármuna milli landshluta og málaflokka. Í byrjun árs 2013 lágu sóknaráætlanir fyrir, sem og áhersluverkefni hvers landshluta. Í kjölfarið undirrituðu fjármálaráðherra og formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrstu sóknaráætlanasamningana, þann 22. mars 2013.

Í apríl 2014 var stýrinetið lagt niður og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál settur á laggirnar. Í maí 2014 lét atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið gera úttekt á framkvæmd sóknaráætla landshluta.² Úttektinni var skilað í ágúst 2014³. Það var mat úttektaraðila að í heild hafi verkefnið tekist vel og að fyrstu tvö árin hafi verið mikilvægur tími til að prófa ný vinnubrögð og draga af þeim lærdóma. Sóknaráætlanasamningarnir hafi almennt verið mikið framfaraspor og vel til þess fallnir að færa aukin völd og ábyrgð til einstakra landshluta og beina samskiptum ríkis og sveitarfélaga í góðan farveg. Það sem helst hefði tekist vel til með var stofnun og starf stýrinetsins og að mikilvægum

1 Stýrinet eru skilgreind sem stöðugt, samhæft ferli samvinnu og samskipta, sem stefnumótandi aðilar taka þátt í.

2 Úttektin tók til tímabilsins frá mars 2012 þegar formlegt stýrinet var stofnað til apríl 2014, eða allt til þess að stýrihópur Stjórnarráðsins tók til starfa og leysti stýrinetið af hólmi.

3 Mat á framkvæmd sóknaráætla landshluta. Ágúst 2014. Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Evris (https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/skyrsla_mat-a-framkvaemd-soknaraetlana_evris050914.pdf).

áföngum í faglegru áætlanagerð hefði verið náð. Meðal þess sem úttektaraðili taldi að betur mætti fara var að samþætta þyrfti betur opinbera áætlanagerð annars vegar og auka festu í mati og eftirfylgni stýrinetsins á sóknaráætlunum og útfærslu þeirra hins vegar.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál var skipaður í júní 2014 af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem þá fór með málefni byggðamála. Markmið stýrihópsins er að efla og styrkja samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem varða byggðamál og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum. Stýrihópurinn hefur það að leiðarljósi í öllum viðfangsefnum sínum að efla og styrkja landshlutana og vinna út frá þeirri skilgreiningu að *byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.*⁴ Stýrihópnum ber einnig að vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum.

Núgildandi samningar, sem undirritaðir voru af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, mennta- og menningarmálaráðherra og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga þann 10. febrúar 2015, byggjast á grunni eldri sóknaráætlanasamninga en þó gætir þar ýmissa mikilvægra nýjunga. Helst ber að nefna fimm ára gildistíma samninganna og stofnun uppbyggingasjóða í hverjum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Áður höfðu samningarnir verið gerðir til eins árs í senn og með uppbyggingasjóðum eru vaxtarsamningar og menningarsamningar sameinaðir undir formerkjum sóknaráætlana. Stefnt var að því að sóknaráætlanir yrðu farvegur fyrir samstarf ríkis og sveitarfélaga um framkvæmd byggðaáætlunar og haldið yrði áfram að vinna að því að tengja fleiri málaflokka og samninga við sóknaráætlanir.

Við skiptingu fjármuna til sóknaráætlana landshluta er notað reiknilíkan þar sem tekið er tillit fjölmargra þátta, svo sem íbúafjölda og íbúapróunar, stærðar atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysis, útsvarstekna sveitarélaga og fjarlægðar frá Reykjavík. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta þar sem eingöngu er veitt fjármagni til framkvæmdar áhersluverkefna en ekki til uppbyggingasjóðs.


Með lögum nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir er verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga það hlutverk að vinna sóknaráætlanir hverju á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaáætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta og kveða á um tilvist og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Sóknaráætlanir landshluta eru nýsköpun í íslenskri stjórnsýslu og tilrauna- verkefni sem hefur þróast í nánu samstarfi ríkis og sveitarfélaga. Verklag hefur fest sig í sessi frá árinu 2015 að telja þegar gerðir voru langtímasamningar við landshlutasamtök sveitarfélaga og Alþingi samþykkti lög um byggðaáætlun og sóknaráætlanir.

⁴ Þessa skilgreiningu á byggðamálum má meðal annars finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 19. maí 2016.

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir sem fela í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Sóknaráætlunum er ætlað að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta, sem og landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu opinberra fjármuna.

Samkvæmt gildandi samningum um sóknaráætlanir landshluta renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingasjóða. Hver landshluti ákveður skiptingu fjárens en þó skal að lágmarki setja 55% af framlagi ríkisins renna til uppbyggingasjóða. Þá er heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Uppbyggingasjóðir eru samkeppnissjóðir og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Mynd 1 er ætlað að sýna á einfaldan hátt fyrirkomulag sóknaráætlunar í hverjum landshluta.



MYND 1. FYRIRKOMULAG SÓKNARÁÆTLUNAR Í HVERJUM LANDSHLUTA.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á miklu samstarfi þeirra sem að koma. Samráð og samvinna ríkis og sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga. Samvinna ráðuneyta fer fram í gegnum stýrihópinn og samvinna sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum fer fram í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga.

2. KAFLI FJÁRFRAMLÖG TIL SAMNINGA

Skipting fjármuna til sóknaráetlana milli landshluta fer eftir reiknilíkani sem byggist á gagnsæjum viðmiðum sem staðfest voru af ríkisstjórn árið 2015. Líkanið byggist á eftirfarandi þáttum: íbúafjölda og íbúapróun, stærð atvinnusóknarsvæðis, atvinnuleysis yfir tiltekið tímabil, útsvars og fjarlægð frá Reykjavík.

Fjárframlög árið 2016 til sóknaráetlanasamninga átta námu 907 m.kr. Grunnframlög ríkisins koma annars vegar frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 402,5 m.kr. og hins vegar mennta- og menningarmálaráðuneytinu 228,2 m.kr. Framlag ríkisins hækkaði um 15,9% frá 2015. Til viðbótar við grunnframlagið lagði ríkið 67,6 m.kr. til þriggja landshluta með viðaukasamningum. Þeir fjármunir eru tengdir jarðfræði- og menningarsetrum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og Suðurlandi.

Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru 87,4 m.kr. og á það framlag að mestu rætur að rekja til menningarsamninga sem voru í gildi til ársins 2014. Heimilt er að semja um framlög annarra⁵ að samningunum og var það gert í sex landshlutum, samtals að upphæð tæpar 48,8 m.kr. Framlag annarra var hæst á Norðurlandi eystra, 25 m.kr. og á Vestfjörðum var það 12 m.kr.

Um 72 m.kr. voru fluttar á milli árána 2015 og 2016. Tekjum og gjöldum sem tengjast sóknaráetlunum skal haldið aðskildum í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi landshlutasamtaka og skulu vaxtatekjur fjármuna tilheyra samningunum og færðar í ársreikninga þeirra. Vaxtatekjur námu samtals um fjórum milljónum. Þá er fjórum milljónum varið í úttektir og samráð vegna sóknaráetlana. Tafla 1 sýnir sundurliðun framlaga til sóknaráetlana árið 2016.

TAFLA 1. HEILDARFJÁRHÆÐ TIL SÓKNARÁETLANASAMNINGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Framlög ríkisins	70.471.028	92.850.750	70.464.093	108.540.659	81.444.527	103.087.717	77.820.827	22.020.399	630.700.000
Viðaukasamningar	0	0	0	6.400.000	57.600.000	3.600.000	0	0	67.600.000
Framlög sveitarfélaga	11.824.500	7.910.000	7.419.000	10.600.000	33.000.000	8.395.000	7.419.000	832.101	87.399.601
Önnur framlög	0	12.083.206	0	25.125.000	4.000.000	1.500.000	1.083.680	5.000.000	48.791.886
Flutt frá fyrra ári	18.299.742	290.000	5.400.000	21.996.789	1.800.000	13.718.650	0	10.835.038	72.340.219
Vaxtatekjur	562.601	750.000	1.421.661	36.291	0	844.805	232.281	0	3.847.639
Samtals	101.157.871	113.883.956	84.704.754	172.698.739	177.844.527	131.146.172	86.555.788	38.687.538	910.679.345

TAFLA 1A. SAMANBURÐUR HEILDARFJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2016 OG 2015

	2016	2015	Mismunur
Framlög ríkisins	630.700.000	550.700.000	80.000.000
Viðaukasamningar	67.600.000	33.600.000	34.000.000
Framlög sveitarfélaga	87.399.601	79.087.500	8.312.101
Önnur framlög	48.791.886	28.800.000	19.991.886
Flutt frá fyrra ári	72.340.219	100.435.580	-28.095.361
Vaxtatekjur	3.847.639	4.371.915	-524.276
Samtals	910.679.345	796.994.995	113.684.350

Tafla 1A sýnir að heildarráðstöfunartekjur samninganna átta hækkuðu samtals um 113,7 m.kr., fóru úr 797 í 911 m.kr. Munar þar mestu um grunnframlög

⁵ Hér er um að ræða mótfamlög frá fyrirtækjum og stofnunum.

ríkisins sem hækkuðu um 80 m.kr.⁶ og viðaukasamninga á Austurlandi en þeir hækkuðu um 34 m.kr. Framlög sveitarfélaga hækkuðu samtals um 8,3 m.kr. en þá aukningu má fyrst og fremst rekja til Austurlands þar sem framlög hækkuðu um 7,3 m.kr., auk þess sem sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu lögðu rúmar 800 þúsund til samningsins árið 2016 en ekkert árið á undan. Önnur framlög hækkuðu um samtals 20 m.kr. og lögðu nú sex landshlutar til svonefnd önnur framlög í stað fjögurra árið 2015. Mest var hækkunin á Vestfjörðum 11 m.kr., á Norðurlandi eystra 7 m.kr. og á höfuðborgarsvæðinu 5 m.kr. Önnur framlög á Austurlandi lækka um fjórar milljónir.

Hverjum landshluta er í sjálfsvald sett hvernig framlögum til sóknaráætlana er varið. Ríkið setur þó það skilyrði um að minnst 55% grunnframlags á ári hverju renni til uppbyggingasjóða og hámark er sett á umsýslukostnað. Þetta á ekki við um höfuðborgarsvæðið þar sem öll fjárhæðin rennur til áhersluverkefna.

TAFLA 2. RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Áhersluverkefni	29.150.000	40.593.956	10.000.000	53.725.000	39.500.000	46.400.000	34.555.788	38.687.538	292.612.282
Uppbyggingarsjóður	49.150.000	45.290.000	69.400.000	61.560.000	47.500.000	67.277.000	34.200.000	0	374.377.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	7.300.000	20.000.000	0	9.350.000	8.000.000	0	10.800.000	0	55.450.000
Viðaukasamningar	0	0	0	6.400.000	73.600.000	3.600.000	0	0	83.600.000
Umsýsla	7.000.000	8.000.000	5.304.754	9.000.000	7.000.000	9.000.000	7.000.000	0	52.304.754
Úttektir og samráð									4.000.000
Óráðstafað 31.12.2016	8.557.871	0	0	32.663.739	2.244.527	4.869.172	0	0	48.335.309
Samtals	101.157.871	113.883.956	84.704.754	172.698.739	177.844.527	131.146.172	86.555.788	38.687.538	910.679.345

Tafla 2 sýnir hvernig landshlutarnir skiptu þeim fjármunum sem voru til ráðstöfunar á árinu. Af heildarupphæðinni, 910 m.kr., runnu 293 m.kr. til áhersluverkefna og 374 m.kr. til uppbyggingasjóða. Fimm landshlutar setja sérstök framlög til stofn- og rekstrarverkefna, samtals um 55 m.kr. Landshlutum er í sjálfsvald sett hvort þau skilgreini slík verkefni sérstaklega en þau eiga rætur að rekja til gömlu menningarsamninganna og verkefni því öll menningartengd. Samningarnir við Norðurland eystra, Austurland og Suðurland fela í sér viðauka að upphæð samtals 67,6 m.kr. Um er að ræða framlög sem áður runnu til tiltekinnar menningarmiðstöðva. Í öllum tilfellum hafa landshlutasamtökin ákveðið að fjármunirnir renni áfram til þeirra. Til viðbótar við framlög ríkisins setja sveitarfélög á Austurlandi 16 m.kr. til menningarmiðstöðvanna. Samtals eru því framlög til menningarmiðstöðva í landshlutunum þremur 83,6 m.kr. Samkvæmt samningunum er hámark sett á umsýslu, á bilinu sjö til níu milljónir eftir heildarupphæð hvers samnings. Allir landshlutarnir, nema Norðurland vestra, nýttu þá upphæð að fullu en alls var 52 m.kr. varið í umsýslu árið 2016. Ekki er heimild fyrir umsýslukostnaði í framlagi til höfuðborgarsvæðisins.

TAFLA 2A. SAMANBURÐUR Á RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2016 OG 2015

	2016	2015	Mismunur
Áhersluverkefni	292.612.282	221.861.256	70.751.026
Uppbyggingasjóðir	374.377.000	387.250.000	-12.873.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	55.450.000	69.980.000	-14.530.000
Viðaukasamningar	83.600.000	44.400.000	39.200.000
Umsýsla	52.304.754	47.000.000	5.304.754
Úttektir og greiningar	4.000.000	4.000.000	0
Óráðstafað við árslok	48.546.503	26.502.755	22.043.748
	910.890.539	800.994.011	109.896.528

⁶ Grunnframlag ríkisins var 630,7 m.kr. Þar af var 4 m.kr. varið í úttektir og greiningar.

Hækkun fjármagns milli ára er að mestu varið til áhersluverkefna en framlög til þeirra hækka samtals um tæpa 71 m.kr. Framlög til uppbyggingasjóða og stofn- og rekstrarstyrkja lækka á hinn bóginn samanlagt um 27 m.kr. Skýringin á hækkun framlags til viðaukasamninga er eingöngu rakin til Austurlands en bæði ríkið og sveitarfélög hækkuðu framlög sín. Óráðstafað fjármagn sem flyst á milli ára lækkar umtalsvert, enda hefur stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál lagt mikla áherslu á að fjármunir til samninganna séu nýttir innan ársins. Setja verður ákveðinn fyrirvara við þær upphæðir sem er samkvæmt þessari töflu óráðstafað við árslok.⁷

⁷ Athygli er vakin á að misræmi er á milli greinargerða landshlutasamtaka sveitarfélaga árið 2015 og 2016 þegar kemur annars vegar að fjármagni sem er „flutt á milli ára“ frá 2015 yfir á 2016 (sjá: Töflu 1 í þessari greinargerð) og hins vegar fjármagni sem er „óráðstafað við árslok“ árið 2015 (sjá: Töflu 1 í greinargerð fyrir árið 2015).

3. KAFLI SAMRÁÐSVETTANGAR LANDSHLUTA

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í lögum um byggðaaætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta sem er samstarfsvettvangur sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvangana og gæta þar lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða. Þau skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunarinnar og vera upplýstur um framgang hennar. Í samningunum er kveðið á um að samráðsvettvangur skuli koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar. Í töflu 3 hér að neðan má sjá upplýsingar fulltrúa samráðsvettvangana.

TAFLA 3. SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTÖNGUM

Bakgrunnur fulltrúa	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Atvinnulífið	5	7	9	7	4	6	7	7	52
Félagasamtök	2	0	0	0	0	4	2	4	12
Fræðasamfélag	5	3	2	9	5	6	6	4	40
Kjörnir fulltrúar	12	24	13	16	4	16	8	30	123
Menningarlífið	3	3	0	2	4	6	0	0	18
Opinberar stofnanir	3	6	8	6	4	2	3	4	36
Annað (óflokkað)		2	0	1	4		0	3	10
Samtals	30	45	32	41	25	40	26	52	291

Aldur fulltrúa	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals	Hlutfall
< 25 ára	1	0	0	8	0	2	0	1	12	4,1%
25-39 ára	4	22	7	9	7	15	7	8	79	27,1%
40-60 ára	22	20	22	20	11	15	13	36	159	54,6%
> 60 ára	3	3	3	4	7	8	6	7	41	14,1%
Samtals	30	45	32	41	25	40	26	52	291	100%

Kyn fulltrúa	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Karlar	16	18	19	23	12	20	10	27	145
Konur	14	27	13	18	13	20	16	25	146
% hlutfall kvk	47%	60%	41%	44%	52%	50%	62%	48%	50%
Samtals	30	45	32	41	25	40	26	52	291

Tafla 3 er þrískipt og sýnir atvinnu, aldur og kyn fulltrúa í samráðsvettöngum. Samtals skipaði 291 fulltrúi samráðsvettvangana átta. Fyrsti hluti töflunnar sýnir fulltrúana flokkaða eftir atvinnu. Kjörnir fulltrúar, það er aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum eru alls 123 (42%), en eru hvergi í meirihluta. Atvinnulífið á 52 fulltrúa, 36 fulltrúar koma frá opinberum stofnunum og fræðasamfélagið á 40 fulltrúa. Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um bakgrunn fulltrúa en eru ekki tæmandi þar sem vænta má að flestir gætu flokkast undir fleiri en eitt svið, ekki hvað síst kjörnir fulltrúar.

Þegar litið er á aldursdreifingu er áhyggjuefni að sjá hve fáir koma úr yngsta aldursflokknum, aðeins 12 fulltrúar eða 4%. Átta þeirra eru á Norðurlandi eystra, tveir á Suðurlandi, einn á Vesturlandi og einn á höfuðborgarsvæðinu. Í hinum landshlutunum er enginn fulltrúi yngri en 25 ára. Ríflega helmingur allra fulltrúa kemur úr aldurshópnum 40-60 ára, eða 159 manns. Um 27% fulltrúa er á aldrinum 25-39 ára og 14% fulltrúa er eldri en 60 ára.

Kynjaskiptingin er nær jöfn, 145 karlar og 146 konur. Allir landshlutar nema Suðurnes ná 40% viðmiðunarmarki jafnréttislags⁸, en þar er hlutfall karla 38%.

Til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í töflu 3 þá gerðu landshluta-samtökin grein fyrir búsetu fulltrúanna, greint niður á sveitarfélög. Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í sínum samráðsvettvangi.

⁸ Með nýjum jafnréttislögum árið 2008 var kynjakvóti leiddur í lög. Í 15. gr. laga, nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla er kveðið á um að „við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

4. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Á árinu 2016 var unnið að samtals 54 áhersluverkefnum á landinu öllu. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs. Verkefnin geta til dæmis verið ráðgjafar- og átaksverkefni á sviði nýsköpunar, menningar og markaðsmála. Verkefnin geta staðið yfir í lengri eða skemmri tíma en skal vera lokið fyrir árslok 2019 þegar gildistími sóknaráætlanasamninganna rennur út. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Flest voru áhersluverkefnin á Suðurlandi, 16 talsins, og fæst voru þau á Norðurlandi eystra, Austurlandi og á höfuðborgarsvæðinu, þrjú í hverjum landshluta. Samtals vorðu landshlutarnir átta 307 m.kr. til áhersluverkefna, þar af komu samtals 76 m.kr. sem mótframlag heimamanna á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra, Austurlandi, Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu til samtals 16 verkefna. Hér er ótalið vinnuframlag heimamanna til verkefnanna. Lægsta framlag til einstakra verkefna úr sóknaráætlanapottinum var 300 þúsund og hæsta framlagið var 22,6 m.kr. Meðaltalið er 5,7 m.kr. Í töflu 4 eru upplýsingar um heiti verkefnanna 54 og framlög til þeirra. Í viðauka 2 eru nánari upplýsingar um öll verkefnin.

TAFLA 4. ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Höfuðborgarsvæðið - 38.652.500 til 3 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Borgarlína	18.985.361	3.565.921
"Location Reykjavik Capital area"	9.000.000	580.081
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	4.835.038	1.686.099
Samtals	32.820.399	5.832.101

Vesturland - 29.150.000 til 6 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Fjlgun iðnnema á Vesturlandi	5.000.000	0
Efling menntunar í ferðapjónustu og matvælaframleiðslu á Vesturlandi	5.000.000	0
Menningarstefna	2.000.000	0
Efling ferðapjónustu á Vesturlandi	5.000.000	0
Nýköpun og frumkvöðlar	5.000.000	0
Þjónusta og ráðgjöf í menningarmálum	7.150.000	0
Samtals	29.150.000	0

Vestfirðir - 40.374.314 til 10 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000
InWest	3.800.000	1.000.000
Umhverfissvottaðir Vestfirðir	2.200.000	2.000.000
Gegnumsláttur 2019	800.000	0
Vestfirðir altengdir	1.350.000	0
Próunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0
Jarðvarmi á Vestfjörðum	2.200.000	2.000.000
Rannsóknaklasi	300.000	0
Kortlagning menningar	0	1.063.564
Menningarfulltrúi	8.510.750	0
Samtals	28.510.750	11.863.564

Norðurland vestra - 14.500.000 til 6 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra	1.500.000	4.500.000
Kortlagning skapandi greina	2.300.000	0
Aukið samstarf listamanna/listamiðstöðva og fræðslustofnana á Norðurlandi vestra	1.800.000	0
Listaskóli unga fólksins	1.400.000	0
Raunvísindaskólinn	1.400.000	0
Íbúakönnun á Norðurlandi vestra	1.600.000	0
Samtals	10.000.000	4.500.000

Norðurland eystra - 62.725.000 til 3 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra	9.000.000	23.000.000
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	10.600.000	2.125.000
Svæðisskipulag fyrir ferðaþjónustu á Norðurlandi eystra	9.000.000	9.000.000
Samtals	28.600.000	34.125.000

Austurland - 39.500.000 til 3 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Menningarstarf á Austurlandi	4.200.000	8.000.000
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar	7.000.000	8.300.000
Svæðisskipulag fyrir Austurland	9.500.000	2.500.000
Samtals	20.700.000	18.800.000

Suðurland - 46.370.000 til 16 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Skaftárhreppur til framtíðar (Brothættar byggðir)	3.000.000	0
Kortavefur Suðurlands	4.000.000	0
Framtíð háskólanáms á Suðurlandi - málþing	750.000	0
Markaðsgreining fyrir áfangastaðinn Suðurland – 2. áfangi	2.250.000	0
Starfamessa 2017	6.000.000	0
Ráðstefna ungmennaráða á Suðurlandi - gerð kynningarefnis/handbók	1.000.000	0
Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi	3.000.000	0
Sunnlenskar vörur - sameiginleg markaðssetning	1.970.000	0
Strætó - markaðsgreining og kynning	2.000.000	0
Svæðisleiðsögn á Suðurlandi	1.500.000	0
Atvinnuskapandi nemendaverkefni	4.000.000	0
Suðurland - sjálfbært samfélag	500.000	0
Skógarvinnsla á Suðurlandi	6.000.000	0
Plastpokalaust Suðurland	3.400.000	0
Nýsköpun sem nám í grunnskólum á Suðurlandi	5.000.000	0
Samræming korta í ferðamálum á Suðurlandi	2.000.000	0
Samtals	46.370.000	0

Suðurnes - 35.639.468 til 7 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag
Tengsl atvinnulífs og skóla	3.500.000	0
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á mentun í takt við atvinnulífið á svæðinu.	3.418.200	0
Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes	13.000.000	1.083.680
Samstarf í ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurnesjum	9.000.000	0
Jákvæð sjálfsmynd	1.000.000	0
Þjónusta og þekking í ferðaþjónustu	2.000.000	0
Uppbygging mannauðs á Suðurnesjum	2.637.588	0
Samtals	34.555.788	1.083.680

5. KAFLI UPPBYGGINGASJÓÐIR LANDSHLUTA

Með nágildandi samningum um sóknaráætlanir landshluta voru uppbyggingasjóðir settir á laggirnar í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja menningar-, atvinnu- og nýsköpunarverkefni í samræmi við markmið hverrar sóknaráætlunar. Með stofnun sjóðanna voru menningarsamningar á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins og vaxtarsamningar á vegum iðnaðarráðuneytisins aflagðir en fjármagnið sem runnið hafði til þeirra færðist yfir í sóknaráætlanir landshluta.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast umsýslu sjóðanna og bera ábyrgð á þeim. Hver landshluti setur sér verklagsreglur um úthlutanir úr samkeppnissjóðnum, með hliðsjón af leiðbeinandi viðmiðum frá stýrihópnum, auk þess sem landshlutasamtökin hafa samráð sín á milli við gerð verklagsreglna og umsóknareyðublaða. Stýrihópurinn staðfestir verklagsreglurnar.

Landshlutasamtökin skipa uppbyggingasjóðunum hvert sína úthlutunarnefnd. Fjöldi nefndarmanna er á bilinu þrjú til níu. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefni falla að sóknaráætlun landshlutans. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórna skulu ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Heimilt er að starfrækja fagråd í einstökum málaflokkum.

Að lágmarki skal 55% af grunnframlagi frá ríkinu renna í uppbyggingasjóði á hverju ári og styrkja sjóðirnir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis.

Eftir að úthlutun hefur farið fram eru undirritaðir samningar milli uppbyggingarsjóðs og styrkþega. Í samningum er meðal annars kveðið á um að fjárstuðningur sé bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda séu í samræmi við umsókn eða endurskoðaða áætlun ef styrkur er lægri en óskað var eftir. Þá er kveðið á um greiðslur og fer það fer eftir upphæð styrks og samkomulagi við styrkhafa hvernig þeim er háttað. Útgreiðsla styrkja er mismunandi á milli landshluta en algengast er að styrkþegi fá greitt tiltekið hlutfall við undirritun samnings og síðan eftir framvinduskýrslum.

Starfsfólk uppbyggingarsjóða er í samskiptum við styrkþega um framgang verkefna. Ef umsækjandi sér fram á að geta ekki unnið verkefnið eins og það er sett fram í umsókn þarf að sækja um breytingu á því og er þá metið hvort breytingin samræmist reglum sjóðsins og þeim forsendum sem verkefnið var metið á. Minniháttar breytingar eru þó að jafnaði samþykktar af starfsmanni. Ef um mikla breytingu er að ræða getur styrkvilyrði lækkað eða það fallið niður, líkt og kveðið er á um í samningi milli styrkþega og uppbyggingarsjóðs.

Starfsmenn yfirfara áfanga- og lokaskýrslur frá styrkþegum. Með lokaskýrslu skulu styrkþegar skila inn afriti af reikningum fyrir útlögðum kostnaði eða gera grein fyrir útlögðum kostnaði með sannanlegum hætti. Þegar verkefnisstjóri hefur samþykkt skýrsluna og meðfylgjandi gögn fer lokagreiðsla fram.

Kynjajafnræði ríkir í öllum úthlutunarnefndum og fagráðum, fyrir utan fagråd menningarmála á Vesturlandi þar sem sátu þrjár konur en enginn karl. Úthlutanir voru í öllum tilfellum vel auglýstar og buðu landshlutasamtökin uppá

aðstoð við umsækjendur, meðal annars með viðtalstímum, vinnustofum og fundum. Úthlutað var einu sinni til tvisvar á árinu og í mörgum tilvikum var blásið til sérstakra úthlutunarháttíða. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um umsóknir annars vegar og styrki hins vegar, fjölda og upphæðir.

TAFLA 5. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Umsóknir								
Fjöldi umsókna	160	129	145	190	152	223	63	1.062
Heildarfjárhæð sem sótt er um	212.274.034	252.051.883	204.044.133	247.913.112	221.315.683	291.484.732	127.220.778	1.556.304.355
Meðalfjárhæð umsókna	1.326.713	1.953.891	1.407.201	1.304.806	1.456.024	1.307.106	2.019.377	1.539.303
Veittir styrkir								
Fjöldi styrkja	114	66	93	93	90	139	35	630
Árangurshlutfall umsókna	71%	51%	64%	49%	59%	62%	56%	59%
Heildarupphæð styrkja	56.450.000	64.390.000	69.400.000	70.910.000	55.500.000	67.277.000	45.000.000	428.927.000
Meðalfjárhæð styrkja	495.175	975.606	746.237	762.473	616.667	484.007	1.285.714	766.554
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	82	13	48	42	57	80	2	324
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	32	48	44	48	32	59	32	295
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	0	4	1	3	1	0	1	10
Áætlaður fjöldi ársverka	29	41	49	17	81	101	67	385

Tafla 5 sýnir að samtals bárust 1.062 umsóknir til uppbyggingarsjóðanna sjö og fjöldi styrkja var alls 630, sem er 59% árangurshlutfall. Að meðaltali bárust 152 umsóknir og veittir styrkir voru að meðaltali 90 talsins. Á Suðurlandi bárust flestar umsóknir, 223 og þar voru veittir flestir styrkir, 139. Á Suðurnesjum voru fæstar umsóknir, 63 og fæstir styrkir, 35. Athygli vekur að Vestfirðingar og Suðurnesjamenn sækja að meðaltali um talsvert hærri styrki en aðrir landsmenn, í kringum 2 m.kr. hver umsókn en umsóknir annarra landshluta eru um 1,4 m.kr. Vesturland sker sig úr hvað árangurshlutfall umsókna varðar en þar er það 71% og lægst á Norðurlandi eystra, 49%.

Alls var sótt um styrki að upphæð sem nemur rúmlega 1,5 milljörðum króna en veittir voru styrkir að upphæð samtals 429 m.kr. Uppbyggingarsjóðurinn á Norðurlandi eystra var stærstur, með 71 m.kr. en sjóðurinn á Suðurnesjum minnstur, með 45 m.kr. Sjóðirnir styrkja að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefna og því er mótframlag styrkþega að lágmarki jafnhá upphæð.

Í töflu 5 eru styrkirnir greindir niður á þrjá upphæðarflokka. Samtals voru 324 styrkir lægri en 500 þúsund eða ríflega helmingur allra styrkja. Hlutfallslega flestir lágir styrkir voru veittir á Vesturlandi eða 72%. Á Suðurnesjum voru tveir styrkir undir 500 þúsund. Styrkir á bilinu 500 þúsund til 2,5 m.kr. voru samtals 295 eða 47% allra styrkja. Alls voru 10 styrkir hærrí en 2,5 m.kr. eða 1,6% allra styrkja.⁹

Styrkþegar eru spurðir um fjölda ársverka¹⁰ sem skapast á verkefnatíma. Tekið skal fram að ekki er spurt um áætlaða fjölgun á störfum til framtíðar. Samtals skapast 385 störf um land allt á verkefnatíma eða að meðaltali 0,61 ársverk á hverja styrkveitingu.

⁹ Hér vantar upplýsingar um einn styrk og samtalan í þessari upptalningu því 629 styrkir.

¹⁰ Hjá Hagstofu Íslands er miðað við að ársverk samsvari 52 vinnuvikum eða fullu starfi eins einstaklings í ár. Yfirleitt er miðað við meðaltöl þegar ársverk eru reiknuð og ekki tekið tillit til þess að mismunandi fjöldi vinnustunda getur staðið á bak við vinnu hvers einstaklings á ári, m.a. vegna yfirvinnu. Ekki er því endilega samræmi á milli fjölda ársverka og fjölda starfandi fólks.

TAFLA 5A. SAMANBURÐUR UPPLÝSINGA UM UMSÓKNIR / STYRKI ÁRIN 2015 OG 2016

Umsóknir	2016	2015	Mismunur
Fjöldi umsókna	1.062	1.120	-58
Heildarfjárhæð sem sótt er um	1.556.304.355	1.642.088.122	-85.783.767
Veittir styrkir	2016	2015	Mismunur
Fjöldi styrkja	630	606	24
Árangurshlutfall umsókna	59%	54%	5%
Heildarupphæð styrkja	428.927.000	457.230.000	-28.303.000
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	324	285	39
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	295	302	-7
Fjöldi styrkja hærri en 2,5 m.kr.	10	18	-8

Tafla 5A sýnir að umsóknum til uppbyggingarsjóðanna fækkaði um 58 milli árunna 2015 og 2016. Þess ber þó að geta að það var einungis á Suðurlandi og á Suðurnesjum sem umsóknum fækkaði, samtals um 120. Í hinum landshlutunum fimm fjölgaði umsóknum, mest á Norðurlandi vestra eða um 36 umsóknir.

Þó svo að heildarupphæð styrkja hafi verið 28 m.kr. lægri árið 2016 en 2015 þá fjölgaði styrkjum á milli ára um 24. Það skýrist með því að lægri styrkjum, undir 500 þúsund, fjölgar en hærri styrkjum, yfir 500 þúsund fækkar.

TAFLA 6. KYN UMSÆKJENDA / STYRKHAFA

Umsóknir	Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Austurland		Suðurland		Suðurnes		Samtals	Karlar	Konur	
	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK	KK	KVK				
Fjöldi umsókna	67	93	78	51	59	86	82	108	77	75	107	116	33	30	1062	503	559	
Fjöldi umsókna (%)	42%	58%	60%	40%	41%	59%	43%	57%	51%	49%	48%	52%	52%	48%	100%	49%	51%	
Meðalupphæð umsókna	1.492.418	1.207.333	2.048.038	1.809.900	1.695.889	1.209.147	1.436.255	1.205.002	1.261.247	1.655.996	1.476.342	1.286.877	2.094.000	1.900.000	1.555.603	1.917.365	1.712.376	
Veittir styrkir																		
Fjöldi umsókna	45	69	38	28	37	57	34	59	50	40	59	80	19	16	630	281,5	349	
Fjöldi styrkja (%)	39%	61%	58%	42%	39%	61%	37%	63%	56%	44%	42%	58%	54%	46%	100%	46%	54%	
Meðalupphæð styrkja	611.111	419.565	1.115.789	817.500	879.041	660.442	1.376.962	1.101.307	542.000	707.500	508.951	463.922	1.400.000	1.100.000	836.006	1.072.309	878.373	

Í töflu 6 má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Kynjahlutfall umsækjenda er á heildina litið nokkuð jafnt. Konur eru í forsvari 51% umsókna og karlar eru í forsvari 49% umsókna. Ef litið er á kynjahlutfall styrkþega þá virðist verkefnum þar sem konur eru í forsvari vegna aðeins betur, en 54% verkefna hafa konur í forsvari. Ef 40% viðmiðið er notað eru allir landshlutar innan þess þegar litið er til umsókna. Hvað styrkveitingar varðar þá falla Vesturland, Norðurlandi vestra og Norðurland eystra utan þess viðmiðs en þar eru konur í forsvari í yfir 60% verkefna. Þá sækja karlar að meðaltali um aðeins hærri styrki en konur og munar þar um 200 þúsund.

TAFLA 7. KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA - LANDIÐ ALLT

Umsóknir	Nær eingöngu kk		Fleiri kk en kvk		Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk		Nær eingöngu kvk		Samtals
	störf	störf	störf	störf		störf	störf			
Fjöldi umsókna		87	109	614		136	116		1.062	
Fjöldi umsókna (%)		8,19%	10,26%	57,82%		12,81%	10,92%			
Meðalfjárhæð umsókna	1.373.128	1.549.129	1.560.776	1.366.074	1.164.982					
Veittir styrkir										
Fjöldi styrkja		54	67	348		75	86		630	
Fjöldi styrkja (%)		8,57%	10,63%	55,24%		11,90%	13,65%			
Meðalfjárhæð styrkja	574.956	752.985	824.652	611.686	439.880					

Í töflu 7 má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum á landinu í heild. Flest störf sem skapist henta jafnt báðum kynjum eða tæplega 58%.

TAFLA 7A. VESTURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	38	22	41	14	45	160
Fjöldi umsókna (%)	23,75%	13,75%	25,63%	8,75%	28,13%	
Meðalfjárhæð umsókna	1.569.342	2.014.003	1.417.300	1.328.880	702.606	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	26	17	27	10	34	114
Fjöldi styrkja (%)	22,81%	14,91%	23,68%	8,77%	29,82%	
Meðalfjárhæð styrkja	625.000	750.000	485.185	375.000	311.765	

TAFLA 7B. VESTFIRÐIR

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	5	18	79	22	5	129
Fjöldi umsókna (%)	3,88%	13,95%	61,24%	17,05%	3,88%	
Meðalfjárhæð umsókna	2.781.000	2.243.153	1.928.902	1733700	1.449.102	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	4	9	37	10	6	66
Fjöldi styrkja (%)	6,06%	13,64%	56,06%	15,15%	9,09%	
Meðalfjárhæð styrkja	1.050.125	1.033.467	981.622	625.192	350.333	

TAFLA 7C. NORÐURLAND VESTRA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	14	19	58	36	18	145
Fjöldi umsókna (%)	9,66%	13,10%	40,00%	24,83%	12,41%	
Meðalfjárhæð umsókna	933.143	1.408.012	1.531.047	1.400.361	1.389.677	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	8	12	37	23	13	93
Fjöldi styrkja (%)	8,60%	12,90%	39,78%	24,73%	13,98%	
Meðalfjárhæð styrkja	412.500	858.333	913.784	597.826	633.846	

TAFLA 7D. NORÐURLAND EYSTRÁ

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	12	21	99	37	21	190
Fjöldi umsókna (%)	6,32%	11,05%	52,11%	19,47%	11,05%	
Meðalfjárhæð umsókna	68.077	1.654.082	1.387.041	1.305.686	923.288	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	9	9	42	15	18	93
Fjöldi styrkja (%)	9,68%	9,68%	45,16%	16,13%	19,35%	
Meðalfjárhæð styrkja	478.778	811.111	878.833	820.667	560.000	

TAFLA 7E. AUSTURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	16	21	80	14	21	152
Fjöldi umsókna (%)	10,53%	13,82%	52,63%	9,21%	13,82%	
Meðalfjárhæð umsókna	1.637.208	1.337.087	1.503.164	1.435.429	1.271.067	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	6	15	47	10	12	90
Fjöldi styrkja (%)	6,67%	16,67%	52,22%	11,11%	13,33%	
Meðalfjárhæð styrkja	883.333	580.000	629.787	680.000	416.667	

TAFLA 7F. SUÐURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	2	8	194	13	6	223
Fjöldi umsókna (%)	0,90%	3,59%	87,00%	5,83%	2,69%	
Meðalfjárhæð umsókna	1.250.000	638.438	1.357.977	992.385	1.254.151	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	1	5	123	7	3	139
Fjöldi styrkja (%)	0,72%	3,60%	88,49%	5,04%	2,16%	
Meðalfjárhæð styrkja	300.000	485.000	483.350	571.429	366.667	

TAFLA 7G. SUÐURNES

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna			63			63
Fjöldi umsókna (%)			100%			
Meðalfjárhæð umsókna			1.800.000			
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja			35			35
Fjöldi styrkja (%)			100%			
Meðalfjárhæð styrkja			1.400.000			

Í töflum 7A – 7G má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum í hverjum landshluta. Mjög erfitt er að segja fyrir um hver endanleg áhrif verkefna verða á atvinnusamsetningu einstakra landshluta hvort sem er varðandi fjölda starfa eða samsetningu þeirra enda standa þau ýmist yfir eða þeim er nýlokið þegar þetta er skrifað. Eftirlitshlutverki stjórnvalda um að jafnréttis kynjanna sé gætt lýkur þegar skilyrðum sem sett eru við úthlutunina er fullnægt og eins og hér kemur fram er þar allt eins og best verður á kosið.

Forsögu þessarar greiningar má rekja til verkefnisins kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð sem fjármálaráðuneytið fór af stað með í samvinnu við öll ráðuneyti árið 2011. Þá fór iðnaðarráðuneyti af stað með verkefni sem greindi úthlutun fjármuna úr stoðkerfi atvinnulífsins út frá kyni og átti að koma með tillögur að endurbótum um hvernig bæta megi upplýsingar og úthlutun til að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að úrræðum stoðkerfis atvinnulífsins. Niðurstaðan var sú að meðaltal skiptingar styrkja milli kynja er 81% karlar og 19% konur og gildir það jafnt um fjölda umsókna og útteildra styrkja/lána.¹¹ Ástæður þessa kynjahalla eru eflaust margar og er mikilvægt fyrir stjórnvöld að greina þær og ráða bót á þeim atriðum sem þau ráða við. Við úrvinnslu gagna úr umsóknar- og úthlutunarferlum á að vera auðvelt að afla kyngreindra upplýsinga. Upplýsingar um kyn verkefnisstjóra og kynjahlutfall í fyrirtæki veita aðeins takmarkaðar upplýsingar um kynbundin áhrif verkefna. Tölfræði um rekstur og afkomu fyrirtækja á Íslandi er yfirleitt ekki kyngreind, þrátt fyrir að í jafnréttislögum sé ákvæði um að öll tölfræði skuli vera kyngreind. Afar mikilvægt er að bæta úr skorti á kyngreindri hagrænni tölfræði þannig að hægt verði að vinna eftir þeirri hugmyndafræði að samþætta jafnréttissjónarmið inn í alla stefnumótun og ákvarðanatökur á vegum opinberra aðila. Ávinningur af skráningu kyngreindra hagtalna er augljós, ekki síst við stefnumótun stjórnvalda í atvinnumálum.

¹¹ <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/utgafur/utgefing-efni-sjavarutvegs--og-landbunadarmala/styrkjauthlutunar-arin-2009-2013-sem-aetlad-er-ad-stydja-vid-atvinnulif-og-nyskopun-greindar-efnir-kyni>

TAFLA 8. ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA

Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Umsóknir								
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	2	3	2		6	1		14
B - Námuþróttur og vinnsla hráefna úr jörðu								
C - Framleiðsla	20	12	25	7	10	37		111
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur								
E - Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun				1				1
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð		2			2	2	2	8
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum		2	1	4		1		8
H - Flutningur og geymsla								
I - Rekstur gististaða og veitingarekstur		3		2		6		11
J - Upplýsingar og fjarskipti	12	18	3	29	14	18	8	102
K - Fjármála- og váttryggingarstarfsemi								
L - Fasteignaviðskipti								
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	6	12	3	10	5	5	17	58
N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	17	6	13	9	13	14		72
O - Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar					1	1		2
P - Fræðslustarfsemi	7	4	2	7	3	15	5	43
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1			1		1		3
R - Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	93	64	95	114	88	105	31	590
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi	2	3	1	6	10	17		39
T - Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota								
U - Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt								
Samtals	160	129	145	190	152	223	63	1.062

TAFLA 9. ATVINNUGREINAFLOKKUN STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Veittir styrkir								
A - Landbúnaður, skógrækt og fiskveiðar	1	4	1		4			10
B - Námuþróttur og vinnsla hráefna úr jörðu								
C - Framleiðsla	12	5	12	3	7	22		61
D - Rafmagns-, gas- og hitaveitur								
E - Vatnsveita, fráveita, meðhöndlun úrgangs og afmengun				1				1
F - Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð		1				1	1	3
G - Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélknúnum ökutækjum		1						1
H - Flutningur og geymsla								
I - Rekstur gististaða og veitingarekstur				1		1		2
J - Upplýsingar og fjarskipti	9	7	2	8	11	8	6	51
K - Fjármála- og váttryggingarstarfsemi								
L - Fasteignaviðskipti								
M - Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi	3	6	2	8	2	2	6	29
N - Leigustarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta	14		5	2	8	6		35
O - Opinber stjórnsýsla og varnarmál; almannatryggingar					1	0		1
P - Fræðslustarfsemi	5	3			2	7	3	20
Q - Heilbrigðis- og félagsþjónusta	1							1
R - Menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi	69	38	70	68	54	83	19	401
S - Félagasamtök og önnur þjónustustarfsemi		1	1	2	1	9		14
T - Atvinnurekstur innan heimilis, þjónustustarfsemi og vöruframleiðsla til eigin nota								
U - Starfsemi stofnana og samtaka með úrlendisrétt								
Samtals	114	66	93	93	90	139	35	630

Tölur 8 og 9 sýna verkefni flokkuð niður á atvinnugreinar út frá atvinnugreinaflokku Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008¹². Líkt og árið 2015 eru langflest verkefni, bæði umsóknir og styrkir, sem flokkast sem „menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi“. Undir þann atvinnugreinaflokk falla meðal annars listir og afþreying, starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi. Af samtals 1.062 umsóknum flokkast 590 sem menningar-, íþrótt- og tómstundastarfsemi eða 55,6% allra umsókna. Hlutfallið var 64% árið 2015. Af þessum 590 verkefnum flokkast 385 sem listir og afþreying og 194 verkefni flokkast undir starfsemi safna og aðra menningarstarfsemi. Styrkirnir sem falla undir þennan atvinnugreinaflokk eru 401 eða 63,4% allra styrkja. Hlutfallið var 71% árið 2015. Samtals flokkast 270 af 401 verkefni sem listir og afþreying og 131 flokkast sem starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi. Árangurshlutfall menningarverkefna er hátt eða 68% en það var 64% árið 2015. Hlutfall menningarverkefna er nokkuð mismunandi eftir landshlutum. Flestar umsóknir voru á Norðurlandi vestra 66% en fæstar á Suðurlandi 47% Norðurland vestra veitti einnig hlutfallslega flesta styrki til menningarmála 75% en fæstir voru þeir á Suðurnesjum 54%.

Þeir verkefnaflokkar sem koma næst menningarverkefnum eru framleiðsluverkefni (margir flokkar falla þar undir, t.d. matvæla- og textíliðnaður) með 111 umsóknir, 10,5% og 61 styrkur, 9,7% og upplýsingar og fjarskipti (t.d. útgáfa og upplýsingatækni) með 102 umsóknir, 9,6% og 51 styrk, 8,1%.

DÆMI UM VERKEFNI UPPBYGGINGARSJÓÐA

Eins og fram hefur komið hlutu alls 630 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á árinu 2016. Í árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga voru samtökin beðin um að gera stuttlega grein fyrir þremur til fimm verkefnum sem fengu styrk á árinu. Hér að neðan má sjá upplýsingar um alls 28 verkefni sem eru afar fjölbreytt og áhugaverð.

VESTURLAND

NORTHERN WAVE INTERNATIONAL FILM FESTIVAL.

Styrkur kr. 500.000.

Styrkþegi: Dögg Mósesdóttir

Northern Wave International Film Festival er alþjóðleg stuttmyndahátíð sem haldin er árlega. Hátíðin er þekkt um allan heim sem ein af þeim hátíðum sem ungir kvikmyndagerðarmenn sjá hag í því að senda myndir sínar á. Markmið hátíðarinnar er að auðga menningarlíf á landbyggðinni og búa til þekkingarsmiðju og vettvang þar sem fagfólk úr greininni miðlar af reynslu sinni til nýrra kynslóða kvikmyndagerðarfólks. Tugir erlendra gesta koma á hátíðina, bæði til að fylgja eftir verkum sínum en einnig fagfólk í greininni sem er annaðhvort að miðla reynslu eða ná sér í þekkingu.

¹² Flokkunin byggist á atvinnugreinaflokku Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, og gildir í öllum ríkjum evrópska efnahagssvæðisins. Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, þar sem samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum atvinnulífsins innanlands og milli þjóða. Öllum lögskráðum félögum og einstaklingum í atvinnurekstri ber að hafa skráða starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá.

STEINARÍKI ÍSLANDS.

Styrkur kr. 1.000.000.

Styrkþegi: Byggðasafnið Görðum, Akranesi

Byggðasafnið í Görðum á stórt og mikið safn íslenskra steina og steingervinga. Markmið verkefnisins er að setja upp áhugaverða sýningu sem segir jarðsögu Íslands með sérstakri áherslu á Vesturland. Sýningin verður í aðalsafnahúsinu. Skráningarvinna er langt komin, þ.e. að ljósmynda og yfirfæra gögn yfir í skráningarkerfið Sarp. Þegar lokið verður við að skrá öll gögn verður sýning steina og steingervinga einnig aðgengileg á vefnum.

FRUMGERÐ ASCO VIKING.

Styrkur kr. 2.500.000.

Styrkþegi: Asco Harvester.

Asco Viking er sjávarsláttuvél (e. Aquatic weed harvester) sem slær margar tegundir af þangi og öðrum gróðri og hefur þá sérstöðu að þangið er slegið en ekki slitið upp með rótum. Þannig getur þangið vaxið aftur svipað og nýslegið gras. Einnig er asco hreinsunarprammi, gerður til að hreinsa rusl úr sjónum. Markmiðið með smíði asco Viking er að nýta tiltæka tækni en jafnframt að bæta þá hnökra sem eru á öðrum svipuðum vélum. Asco Viking er hannaður til að takast á við erfiðar aðstæður úti á sjó en sambærilegar vélar sem framleiddar eru í heiminum eru flestar gerðar fyrir stöðuvötn. Markmiðið er að framleiða 17 vélar á ári, í fyrstu til sölu hérlendis en svo er stefnt á erlenda markaði.

DÝRAGARÐURINN Á HÓLUM Í DALABYGGÐ.

Styrkur kr. 700.000.

Styrkþegi: Rebecca Cathrine Kaad Ostefneld.

Markmiðið með verkefninu er auka afþreyingu í Dalabyggð og fá ferðamenn til að dvelja þar lengur. Á Hólum í Hvammssveit hafa ábúendur safnað saman ýmsum dýrategundum. Nokkrar tegundir af hænum og kanínum eru í dýragarðinum einnig kalkúnar, naggrísir, dúfur, svín, geitur, kindur, hestar, kettir, hundar, endur og hrafn. Verkefnið felst í að fjölga dýrum, bæta aðstöðuna og fara í markaðsáttak. Stefnt er að því að lokaafurðin verði vel búinn dýragarður með leiðsögn, sem komi til með að skapa a.m.k. tvö heilsárs stöðugildi.

VESTFIRÐIR**AUKAHRÁEFNI FRÁ LAXELDI – MÖGULEG NÝTING OG VIRÐISAUKI.**

Styrkur kr. 2.000.000.

Styrkþegi: Fjarðalax.

Verkefnið snýst um lausn á losun lífræns úrgangs í fiskeldi. Það stefnir í að urðun verði bönnuð og því er mikilvægt að þróa aðrar leiðir í þessari vaxandi atvinnugrein. Hægt er að nýta úrganginn til kyndingar eða framleiðslu á metangasi.

FJÓLGUN SVÆÐISLEIÐSÖGUMANNA Á VESTFJÖRDUM.

Styrkur kr. 1.200.000.

Styrkþegi: Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Með verkefninu var komið af stað öflugu námi sem mun skila um 15 svæðisleiðsögumönnum. Unnið í samvinnu við Leiðsöguskólann í Kópavogi.

ACT ALONE 2016.

Styrkur kr. 1.100.000.

Styrkþegi: Act Alone, félag.

Act Alone er árleg einleikjahátíð sem laðar að sér fjölda gesta. Þetta er eina raunverulega leiklistarhátíð landsins. Hún er á háum listrænum „standard“ og hefur fest sig í sessi með faglegum vinnubrögðum.

GAMANMYNDAHÁTÍÐ FLATEYRAR.

Styrkur kr. 450.000.

Styrkþegi: Gláma kvikmyndafélag.

Gamanmyndarhátíð Flateyrar er kvikmyndahátíð á svæði sem hefur átt undir högg að sækja. Hátíðin þótti heppnast einstaklega vel og verður vonandi endurtekin.

NORÐURLAND VESTRA

NÝSKÖPUN Í LÍFRÆNNI RÆKTUN.

Styrkur kr. 2.500.000.

Styrkþegi: Laugarmýri garðyrkjustöð.

Markmið verkefnisins er að þróa nýjar aðferðir, auka framleiðslu og koma á lífrænni ræktun grænmetis og kryddjurta í Garðyrkjustöðinni Laugarmýri, Skagafirði. Verkefnið er þríþætt og snýr að því að rannsaka nýja sjálfbæra framleiðsluaðferð á grænmeti sem getur fengið lífræna vottun þar sem fjölþættari lífrænni áburðargjöf í framleiðslu er náð fram, kanna möguleika á hliðarafurðum með fullnýtingu auðlinda og aukinni sjálfbærni framleiðslunnar og hanna ferðapjónustu sem tengist framleiðslunni á nýstárlegan hátt.

MÍÐNÆTURSUND.

Styrkur kr. 900.000.

Styrkþegi: Auður Björk Birgisdóttir.

Markmið verkefnisins er að setja á laggirnar ferðapjónustufyrirtæki í Skagafirði sem bætir í flóru afþreyingar sem fyrir er. Gestum á ferð um Skagafjörð verður boðið upp á miðnætursund og aðgang að heilsulind þar sem möguleiki er á að njóta norðurljósanna í heitu vatni í rólegu og slakandi umhverfi.

FUGLASTÍGUR NORÐURLANDS VESTRA.

Styrkur kr. 2.450.000.

Styrkþegi: Ferðamálasamtök Norðurlands vestra.

Markmið verkefnisins er hönnun og skipulag fyrir valda staði Fuglastígs Norðurlands vestra sem hluta af „Norðurlandsstíg“, samstarfsverkefnisins með Fuglastíg Norðurlands eystra og Eyjafjarðarsvæðinu. Ætlunin er að klára framkvæmdaáætlun og útlitshugmyndir fyrir sex til níu staði á svæðinu, sem samkvæmt fyrirliggjandi greiningu náttúrufræðings þykja henta sérstaklega vel til skoðunar ákveðinna fuglategunda. Með þessu verkefni er miðað að því að þeir ferðamenn sem koma til Íslands og sinna náttúrutengdum áhugamálum eins og

fuglaskoðun og náttúruflísljósmyndun geti eytt lengri tíma á Norðurlandi vestra en verið hefur til þessa.

TRÖLL – DEVELOPMENT AND PREMIERE.

Styrkur kr. 1.200.000.

Styrkþegi: Greta Clough.

Markmið verkefnisins er að stofna brúðuleikhús á Hvammstanga. Styrkþeginn er menntaður atvinnubrúðuleikari með 10 ára reynslu frá London. Fyrsta verkefnið er gerð sýningarinnar Tröll, sem er brúðuleikhús fyrir börn 5 ára og eldri. Frumsýning var í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri í febrúar 2017.

NORÐURLAND EYSTRA

FEST LYFJAGAGNAGRUNNUR.

Styrkur kr. 2.000.000.

Styrkþegi: Þula - Norrænt hugvit ehf.

Þula - Norrænt hugvit ehf hefur nú lokið staðfæringu á FEST (klínískum lyfjapækkingargrunni) fyrir íslenskan markað. Staðfæring FEST snýst um að nýta þær mikilvægu klínísku upplýsingar sem til eru í FEST til að auka öryggi og skilvirkni í lyfjaumsýslu á Íslandi. Verkefnið er unnið í samvinnu við Sjúkrahúsið á Akureyri. Tilkoma klíníks lyfjapækkingargrunns á Íslandi mun marka tímamót í möguleikum til að beita tæknilausnum til að auka öryggi sjúklinga og tryggja skilvika og hagkvæma umsýslu með lyfjum á öllum stigum.

UPPBÝGGING RANNSÓKNARSTÖÐVARINNAR RIFS.

Styrkur kr. 3.000.000.

Styrkþegi: Rannsóknastöðin Rif.

Verkefnið miðar að því að festa Rannsóknastöðina Rif í sessi sem alþjóðlega rannsóknastöð með áherslu á náttúrufræðisrannsóknir sem tengjast norðurheimskautssvæðinu. Verkefninu er ætlað að stuðla að áframhaldandi og bættri nýtingu þeirrar auðlindar sem einstök náttúra Melrakkaslétta er til þekkingar- og atvinnusköpunar og styrkja um leið samstarf atvinnulífs, háskóla, þekkingarstofnana og nærsamfélags. Starfsemi stöðvarinnar eykur fjölbreytni atvinnutækifæra og gerir þannig byggðarlagið samkeppnishæfara þegar kemur að því að fá háskólamenntað fólk á svæðið, bæði tímabundið og til langframa.

REITIR.

Styrkur kr. 950.000.

Styrkþegi: Arnar Ómarsson.

Reitir eru 15 daga samfélagmiðuð skapandi vinnusmiðja á Siglufirði sem býður árlega 20 skapandi einstaklingum frá mörgum löndum til Siglufjarðar að taka þátt í tilraunakenndri nálgun á hefðbundinni listasmiðju. Þátttakendur eru með fjölbreyttan bakgrunn í námi og starfi og lögð er áhersla á að velja sterkan hóp skapandi einstaklinga úr sviðum lista, hönnunar og vísinda. Fjölbreytileiki þátttakenda er hluti af hugmyndafræði Reita sem byggist m.a. á þeirri hugmynd að með því að blanda saman fólki úr ólíkum áttum og starfsgreinum myndi fjölbreytt reynsla þátttakenda grunn að nýstárlegum verkefnum sem fjalla á einn eða annan hátt um Siglufjörð.

AUSTURLAND**VEFJARÆKTUN Á WASABI JAPONICA Í RANNSÓKNARAÐSTÖÐU BARRA Á FLJÓTSDALSHÉRAÐI.**

Styrkur kr. 2.200.000.

Styrkþegi: Styrkþegi: Wasabi Iceland ehf.

Verkefnið er vefjaræktunarhluti fyrirhugaðrar wasabi framleiðslu sprotafyrirtækisins Wasabi Iceland ehf. á Egilsstöðum. Wasabi plantan er asísk kryddjurt sem er best þekkt sem hráefnið sem notað er í græna, sterka kremið sem borið er fram með sushi. Plantan er eftirsótt í Evrópu og Ameríku og stefnt er á að flytja meirihluta áætlaðrar framleiðslu til Evrópu. Verkefnið er samstarfsverkefni tveggja fyrirtækja á Egilsstöðum, Wasabi Iceland ehf. og Gróðrastöðvarinnar Barra ehf. Verkefnið felst í því að skoða möguleika á vefjaræktun wasabi plöntunnar.

AÐ VERA VALKOSTUR - BYGGÐAÞRÓUNARVERKEFNI Á BORGARFIRÐI EYSTRÍ.

Styrkur kr. 1.000.000.

Styrkþegi: Borgarfjarðarhreppur.

Verkefnið snýr að því að rannsaka stöðu og möguleika samfélagsins á Borgarfirði eystri og að bæta búsetuskilyrði og lífsgæði íbúa. Aðferðafræðin er óhefðbundin og felst einkum í víðri nálgun á byggðamál, þar sem lífsgæði á breiðum grunni eru viðfangsefnið. Verkefnið er unnið í samstarfi við íbúa, fyrirtæki og félagasamtök. Með reglulegum fundum og virku samtali hefur verið unnið að því að greina stöðu samfélagsins og möguleika til úrbóta. Samhliða langtíma greiningarvinnu er unnið að smærri sértækum aðgerðum sem eru metnar mikilvægar fyrir byggðaðróun. Markaðsáttak um Borgarfjörð eystra sem vænlegan búsetukost hefur skilað árangri. Verkefnið leiddi til stofnunar hagsmunasamtaka ungs fólks á Austurlandi, Ungt Austurland.

LIST Í LJÓSI – SEYÐISFIRÐI.

Styrkur kr. 700.000.

Styrkþegi Listahátíðin List í Ljósi.

Ljósahátíðin List í Ljósi eða Festival of Light var haldin í fyrsta sinn í febrúar 2016 á Seyðisfirði. Hátíðin er haldin utandyra án endurgjalds fyrir áhorfendur. List í Ljósi er ætlað að vera sælkerahlaðborð fyrir skynfærin. Hún hefur sérstöðu og er ólík öðrum hátíðum sem fyrir eru á Íslandi. Hún er haldin utandyra að kvöldi í febrúar og hver bæjarhluti er nýttur fyrir mismunandi listaverk; stórar innsetningar, vídeóverk og stuttmyndir eftir innlenda og erlenda listamenn. Lögð er rík áhersla að fá alla sem vilja og hafa áhuga til þess að taka þátt í hátíðinni. Vinnusmiðjur fyrir leik- og grunnskólana í samstarfi við Skaftfell Art Center eru hluti af hátíðinni, þannig geta börn og unglingar í bænum verið með sín verk á hátíðinni.

STÓRVAL – TÓNVERK FYRIR NÚTÍMASVEITINA STELKUR.

Styrkur kr. 700.000.

Styrkþegi Charles Ross.

„Stórval“ er röð nýrra tónverka eftir Charles Ross sem byggja á málverkum Stefáns Jónssonar frá Möðrudal. Tónverkin eru sjö talsins og í þeim öllum er

harmóníum nokkurs konar kjarni. Þar blandast upptökur af Stefáni syngjandi og föður hans, Jóni, spilandi á harmóníum, en einnig verða notuð umhverfishljóð frá Möðrudal. Verkefnið „Stórval“ er frumsköpun og samþætting listgreina. Það hvetur tónlistarfólk af Héraði og úr Fjarðabyggð til að vera virkt í því víkka sjóndeildarhring íbúa á Austurlandi og efla menningu á landinu öllu. Verkefninu lauk þegar nútímasveitin Stelkur flutti tónlist eftir Charles Ross í Hörpu á Myrkum músíkdögum í Hörpu í janúar 2017.

STEFNUMÓT VIÐ SKÓGARSAMFÉLAG – VINNUSTOFA UM VIÐARNÝTINGU.

Styrkur kr. 600.000.

Styrkþegi: SAM félagið - samtök skapandi fólks á Austurlandi.

Vinnustofan fór fram vikuna 15.-22. maí 2016 og var haldin í Fljótsdal í samstarfi við Skógarafurðir ehf. á Víðivöllum, Gunnarsstofnun og Fljótsdalshrepp. Um 20 manns tóku þátt, þar af fimm útskriftarnemendur í vöruhönnun frá LHÍ, þrír nemendur í grafískri hönnun frá University of Fredonia, þrír Austfirðingar (vöruhönnuður, myndlistarmaður og húsgagnasmiður). Aðaláherslan var á að kortleggja möguleika hráefnisins í víðu samhengi og horft til þess að vistkerfi skógarins er heill lífheimur sem ótal tækifæri liggja í. Einnig var áhersla á að lesa myndmálið úr nærsamfélaginu og varpa því yfir á mismunandi afurðir, s.s. vörumerki skógarsamfélags.

SUÐURLAND

LUNDAPYSJUR Í VESTMANNAEYJABÆ.

Styrkur kr. 400.000.

Styrkþegi: Sæheimar.

Lundapysjur í Vestmannaeyjum er ljósmyndasýning af björgunarfólki, aðallega börnum, sem komu í Pysjueftirlitið 2015 og 2016. Sýningin bar heitið „Börn og pysjur“. Samhliða verkefninu voru settir upp snertiskjár á fyrir myndirnar til að auka aðgengi. Ávinningurinn af verkefninu kemur fram í mikilli þátttöku barna í pysjueftirlitinu, tenginu þeirra við náttúruna og tengingu við Sæheima. Mikill auður er í myndunum sem glæða safnið auknu lífi með þátttöku barnanna. Verkefnið hefur fengið mikla umfjöllun og hefur ýtt undir áhuga á safninu, lundanum og Vestmanneyjum, bæði innanlands og erlendis.

DULÚÐ Í SELVOGI.

Styrkur kr. 250.000.

Styrkþegi: Byggðasafn Árnesinga.

Sýningin Dulúð í Selvogi opnaði í borðstofu Hússins á Eyrarbakka á íslenska safnadeginum í maí 2016. Sýning er um mannlíf og náttúru Selvogs. Greint er frá sérstöðu Selvogs, staðsetningu, sögu, sjósókn, landbúnaði, Strandarkirkju, þekktum einstaklingum og þjóðsögum. Sýndir eru safngripir sem safnið varðveitir úr Selvogi og áhersla er lögð á að varpa ljósi á þessa merku byggð. Sýningin er stílhrein og fræðandi með merkjum gripum. Textar á íslensku og ensku varpa ljósi á gripina og byggðina. Undirtektir gesta hafa verið góðar.

LJÓSBRÁ STEINASÝNING.

Styrkur kr. 500.000.

Styrkþegi: Hafsteinn Þór Auðunsson.

Markmið verkefnisins var að koma upp sýningu í Hveragerði á steinasafni Sigurðar Pálssonar og Sigrúnar Sigfúsdóttur. Markmiðið er að bjóða upp á sýningu sem leiðir gesti um náttúruperlur okkar fagra eylands og um leið kynna þá fyrir einstakri sögu fjölskyldu sem bjó og ferðaðist landshorna á milli. Sýningin er upplýsandi um jarðfræðilega sögu landsins og hvernig mismunandi bergmyndanir hafa orðið til. Uppbygging sýningarinnar er á þann veg að gestir eru leiddir í gegnum ævistarf hjónanna, sögu hússins og gersemanna sem þau söfnuðu víðsvegar um landið allt frá árinu 1960. Safngripirnir telja nokkur tonn en um þriðjungur þeirra er á sýningunni í dag.

SUÐURNES

STEMMARNINN.

Styrkur kr. 1.000.000.

Styrkþegi: Stemmarinn ehf.

Verkefnið lýtur að smíðum afstemmingarhugbúnaðar sem sparar tíma við bókhaldsvinnslu hjá fyrirtækjum og skilar um leið áreiðanlegri niðurstöðu afstemmingarinnar. Tækifæri voru til staðar að færa afstemmingarvinnu inn í nútímann og nýta tæknina til þess að gera ferlið sjálfvirkara. Forritið er þegar komið í notkun og eru forsvarsmenn verkefnisins í samningaviðræðum við alþjóðlegt fyrirtæki um samstarf.

FLUTNINGSVAKI – SJÁLFVIRKT GÆÐAEFTIRLIT.

Styrkur kr. 2.000.000.

Styrkþegi: Tæknifræðinám Keilis.

Verkefnið snýr að hönnun og þróun á nýjum sjálfvirkum búnaði sem skrásetur hvar, hvenær og hverskonar meðhöndlun og álagi varningur í flutningi verður fyrir. Með auknu og betra gæðaeftirliti í flutningi er hægt að koma í veg fyrir fjárhagslegt tjón.

SÝNILEIKI UNESCO Á REYKJANESI.

Styrkur kr. 2.000.000.

Styrkþegi: Reykjanes Geopark.

Reykjanes UNESCO Global Geopark hefur fengið leyfi til að nota merki UNESCO í markaðssetning á svæðinu. Verkefnið gengur út á að auka sýnileika þessa merkis gagnvart aðilum í ferðaþjónustu, almenningi á Suðurnesjum og ferðamönnum.

NEXIS HEILSUEFLINGARKERFI (HEILSUGÁTT).

Styrkur kr. 2.000.000.

Styrkþegi: Nexis ehf.

Verkefnið snýr að markaðssetningu heilsueflingarkerfis fyrir fyrirtæki og stofnanir á Íslandi ásamt tengdri þjónustu. Verkefnið byggir á fjölþjóðlegu samstarfi sérfræðinga á sviði lýðheilsu, sem hafa það að markmiði að efla heilbrigði meðal almennings.

GRASPRO.

Styrkur kr. 1.500.000.

Styrkþegi: Pitch ehf.

Verkefnið lýtur að afmörkuðum þætti í viðhaldskerfinu GrasPro. Um er að ræða nokkuð stóran þátt sem snýr að viðhaldi gervigrasvalla. Mun uppfærslan opna möguleika á mun stærri markaði ásamt að uppfylla kröfur þess markaðar sem nú þegar er stefnt inn á. Graspro er hannað fyrir viðhald á grasvöllum þar sem gert er ráð fyrir öllum viðhaldsaðgerðum sem framkvæmdar eru á grasvöllum.

LOKAORÐ

Sóknaráætlanir landshluta snúast um að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við aukið lýðræði, það kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggir á þekkingu heimamanna á hverjum stað. Frá upphafi hefur vinnan við sóknaráætlanir verið lærdómsríkt ferli fyrir Stjórnarráðið, sveitarfélögin og samtök þeirra. Stuðningur ríkisstjórnarinnar er ómetanlegur og forsenda þessarar jákvæðu þróunar.

Árið 2016 voru heildarframlög til samninganna tæpar 911 m.kr. Landshluta-samtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutann og styðja við markmið sóknaráætlunar hans. Landhlutasamtökin eru þannig orðin vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og aukna fjármuni í gegnum sóknaráætlunarfarveginn.

Fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga er nú hálfnað. Engin merki eru um annað en vilja samningsaðila til að halda áfram á sömu braut og komið að því að hefja undirbúning nýrra samninga. Hluti af þeim undirbúningi er að leggja óháð mat á hvernig framkvæmd samninganna hefur gengið á fyrri helming samningstímabilsins. Nýtt ráðuneyti byggðamála, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, mun leiða þá vinnu í samráði við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa. Við vinnuna verða lög nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir sem og lög nr. 123/2015 um opinber fjármál höfð til hliðsjónar.

VIÐAUKI 1 LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga með tilgreind afmörkuð starfssvæði. Starfssvæði þeirra eru jafnframt svæði sóknaráætlana. Öll sveitarfélög á Íslandi eru aðilar að landshlutasamökunum þó ekki sé um skylduáðild að ræða. Meginhlutverk allra landshlutasamtaka er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Samtökin eru átta talsins og geta samkvæmt sveitarstjórnarlögum ekki verið fleiri. Starfssvæði þeirra eru ólík eins og sést á töflunni hér að neðan. Fjöldi aðildarsveitarfélaga er frá 5 til 13. Fámennasta svæðið hefur innan við 7.000 íbúa en fjölmennasta svæðið hefur tæplega 214.000 íbúa. Starfssvæði þeirra eru mjög ólík að stærð, frá 800 km² í 31.000 km². Karlar eru í meirihluta íbúa í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu.

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborg arsvæðið	Samtals
Fjöldi sveitarfélaga	10	9	7	13	8	15	5	7	74
Heildarfjöldi íbúa	15.766	6.883	7.128	29.361	10.314	26.982	23.820	213.619	333.873
Fjöldi kvk	7.670	3.350	3.533	14.613	4.887	13.078	11.380	107.243	165.754
Fjöldi kk	8.096	3.533	3.595	14.748	5.427	13.904	12.440	106.376	168.119
Ferkílómetrar km ²	9.555	8.827	13.091	22.735	15.792	31.000	818	1.062	102.880

VIÐAUKI 2 ÁHERSLUVERKEFNI ÁRIÐ 2016

Vesturland - 29.150.000 til 6 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Móttframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Fjölgun iðnnema á Vesturlandi	5.000.000	0	Símenntunarmiðstöð Vesturlands	Fjölga iðnnemum á Vesturlandi og tryggja þannig fjölgun iðnaðarmanna í landhlutanum	Fjölgun iðnnema	2015-2016
Efling menntunar í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu á Vesturlandi	5.000.000	0	Háskólinn á Bifröst	Byggja upp námskeið og styttri námsleiðir fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu sem boðið verður uppá frá hausti 2016	Námskeið og styttri námsleiðir fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu og matvæla- framleiðslu.	2015-2016
Menningarstefna	2.000.000	0	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Ráðgjafi í stefnumótunarferlinu er Environice/Stefán Gíslason	Að Vestlendingar eigi sér menningarstefnu sem verði grundvöllur samstarfs um menningarmál í landshlutanum og leiðarljós við úthlutun styrkja úr Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Annað markmið með gerð menningarstefnu er að hún geti nýst sveitarfélögum í landshlutanum sem leiðarljós við gerð menningarstefnu sveitarfélaganna hvers fyrir sig.	Menningarstefna Vesturlands	2015-2016
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi	5.000.000	0	Vesturlandsstofa (Markaðsstofa Vesturlands)	Að móta stefnu fyrir ferðaþjónustu á Vesturlandi til næstu ára og markaðssetja Vesturland fyrir ferðamönnum með skýrari hætti en áður.	Annars vegar stefna Vesturlands í ferðaþjónustu og hins vegar aðgerðir sem farið verður í árið 2016 til að efla markaðssetningu á Vesturlandi fyrir ferðamönnum.	2015-2016
Nýsköpun og frumkvöðlar	5.000.000	0	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, - atvinnuráðgjöf	Að efla nýsköpun í atvinnulífi á Vesturlandi og skapa frumkvöðlum hvetjandi umhverfi.	Lokaafurð verður þrjúþætt; betri umgjörð og aukin starfsemi Fablab á Akranesi, frumkvöðlasetur á Akranesi og Snæfellsnesi og að starfræktar verði frumkvöðlasmiðjur innan framhalds- og grunnskóla á Vesturlandi.	2015-2016
Þjónusta og ráðgjöf í menningarmálum	7.150.000	0	Samtök sveitarfélaga á Vesturland- menningarfulltrúi	Að styrkja og styðja við menningarlíf á Vesturlandi með ráðgjöf og vinnu fyrir Uppbyggingarsjóð Vesturlands	Starf menningarfulltrúa	2016
Samtals	29.150.000	0				

Vestfirðir - 40.374.314 til 10 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000	Markaðsstofa Vestfjarða	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum ferðamönnum.	Aukinn fjöldi ferðamanna á Vestfjörðum	2016-2018
InWest	3.800.000	1.000.000	AtVest	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum	Ný fjárfestingarúrræði. Starfsemi nýrra lögaðila.	2016-2018
Umhverfisvottaðir Vestfirðir	2.200.000	2.000.000	FV	Starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum verði umhverfisvottuð.	Umhverfisvottun EarthCheck. Plastpokalausir Vestfirðir.	2016-2018
Gegnumsláttur 2019	800.000	0	FV	Lok og skipulag á framhald verkefnis Stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum.	Skýrsla um gerð svæðisskipulags eða svæðisáætlunar sveitarfélaga á Vestfjörðum	2016
Vestfirðir altengdir	1.350.000	0	FV	Ljósleiðaratengingar í dreifbýli sem þéttbýli	Allt dreifbýli á Vestfjörðum tengt ljósleiðara	2016-2018
Þróunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0	AtVest	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli.	Öflugri og fjölmennari þróunarsetur	2016-2018
Jarðvarmi á Vestfjörðum	2.200.000	2.000.000	AtVest	Auka nýtingu á jarðvarma á Vestfjörðum	Fýsileikakannanir á Hólmavík og forhönnun útboðs. Viðskiptagreining á Reykhólum. Viðskiptagreining á Tálknafirði. Könnun á grunnþáttum í öðrum sveitarfélögum.	2016-2017
Rannsóknaklasi	300.000	0	Háskólaasetur	Virkjun rannsóknarumhverfis á Vestfjörðum.	Framtíðaráætlun um rannsóknarstarf	2016-2017
Kortlagning menningar	0	1.063.564	FV, menningardeild	Greining og kortlagning á stöðu og umfangi menningarstarfs og skapandi greina á Vestfjörðum.	Gagnagrunnur yfir menningarstarf á Vestfjörðum.	2016 - 2017
Menningarfulltrúi	8.510.750	0	Fjórðungssamband Vestfirðinga	Stuðningur við menningarstarf á Vestfjörðum	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa	2016
Samtals	28.510.750	11.863.564				

Norðurland vestra - 14.500.000 til 6 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Móttframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Svæðisleiðsögn á Norðurlandi vestra	1.500.000	4.500.000	Farskóli Norðurlands vestra	Að styrkja einn af grunnþáttum ferðapjónustunnar með því að fjölga svæðisleiðsögumönnum á Norðurlandi vestra	15 svæðisleiðsögumenn	2016-2017
Kortlagning skapandi greina	2.300.000	0	SSNV	Að taka saman yfirlit um umfang skapandi greina og menningarlífs á Norðurlandi vestra. Með þessu er lagður grunnur að upplýsingabanka sem nýtist bæði heimamönnum og þeim sem vilja koma hingað og tengjast landshlutanum.	Lifandi grunnur sem verður aðgengilegur öllum sem þurfa á honum að halda.	2016-2017
Aukið samstarf listamanna/listamiðstöðva og fræðslustofnana á Norðurlandi vestra	1.800.000	0	SSNV	Að efla menningar- og listmenntun í grunn- og framhaldsskólum á Norðurlandi vestra með samstarfi listamanna, listamiðstöðva og skólanna á svæðinu.	Grunnur að námsefni, tilhögun, skipulagi og framkvæmd, sem og formlegt samstarf listamanna, listamið- stöðva og skólanna á svæðinu.	2016-2017
Listaskóli unga fólksins	1.400.000	0	SSNV	Að leggja grunn/kanna grundvöll að sumarskóla í listum og skapandi greinum fyrir börn og unglinga	Námskrá, kostnaðarmat og skipulag sumarskóla í listum.	2016-2017
Raunvísindaskólinn	1.400.000	0	SSNV	Að kynna börnum og unglingum á Norðurlandi vestra þau tækifæri sem eru í boði í raunvísindum og þau fyrirtæki/skóla sem starfa á þessu sviði. Að efla þekkingu og færni barna og unglinga með virkri þátttöku, m.a. í formi skipulagðrar dagskræar hjá fyrirtækjum í greininni.	Samstarfsvettvangur og tillögur um framkvæmd verkefnisins og mat á kostnaði og umfangi þess.	2016-2017
Íbúakönnun á Norðurlandi vestra	1.600.000	0	SSV	Að taka saman viðhorf íbúa landshlutans til þeirra þátta sem m.a. Hafa áhrif á val á búsetu þeirra. Niðurstöðurnar munu nýtast við áframhaldandi stefnumörkun opinberra aðila í búsetumálum á Norðurlandi vestra og við framkvæmd Sóknaráætlunar Norðurlands vestra.	Skýrsla þar sem niðurstöður könnunarinnar munu birtast.	2016 - 2017
Samtals	10.000.000	4.500.000				

Norðurland eystra - 62.725.000 til 3 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Móttframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra	9.000.000	23.000.000	Eimur-félag í samstarfi Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Eyþings	Að stuðla að öflugum og sjálfbærum samfélögum á starfssvæði Eyþings með áherslu á samspil auðlinda, umhverfis, orku og ferðapjónustu landshlutanum til framdráttar í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti.	Áframhaldandi samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra og fyrirmýndarverkefni fyrir bæði aðra landshluta og annarskonar verkefni.	2016-2019
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	10.600.000	2.125.000	Eyþing	Að starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf í menningarmálum og framfylgi þeirri stefnu sem fram kemur í Sóknaráætlun með það að markmiði að Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina.	Starf menningarfulltrúa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafarstarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar.	2015-2019
Svæðisskipulag fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi eystra	9.000.000	9.000.000	Eyþing í samstarfi við sveitarfélögin (svæðisskipulagsnefnd) og skipulagsráðgjafa.	Að stuðla að heildstæðri stefnu um ferðapjónustu á Norðurlandi eystra til grundvallar markaðssetningu og uppbyggingu ferðamannastaða.	Samþykkt svæðisskipulag fyrir ferðapjónustu á Norðurlandi eystra.	2016-2019
Samtals	28.600.000	34.125.000				

Austurland - 39.500.000 til 3 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Móttframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Menningarstarf á Austurlandi	4.200.000	8.000.000	Austurbrú, sveitarfélög og menningarmiðstöðvar	Markmið verkefnisins er að standa vörð um þann gríðarlega árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut.	Starfandi og virkur menningarfulltrúi. Lokið verði skilgreindum verkefnum á sviði menningar á Djúpvogi og Vopnafirði, sem og skilgreindum verkefnum menningarmiðstöðvanna.	2015-2019
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar	7.000.000	8.300.000	Austurbrú	Opna aðra gátt fyrir millilandaflug inn í landið á Egilsstaðaflugvelli. Stefnt verði að fyrstu flugferðum EGS-LON-EGS sumarið 2016.	Reglulegt millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll.	2015-2019
Svæðisskipulag fyrir Austurland	9.500.000	2.500.000	Samband sveitarfélaga á Austurlandi	Að vinna skipulagsáætlun sem tekur allra sveitarfélaga á Austurlandi sem landfræðilegar, hagrænnar og félagslegrar heild.	Svæðisskipulag fyrir Austurland	2016-2019
Samtals	20.700.000	18.800.000				

Höfuðborgarsvæðið - 38.652.500 til 3 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Móttframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Borgarlína	18.985.361	3.565.921	SSH	Skilgreining meginforsendna fyrir nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi fyrir höfuðborgarsvæðið. Binding legu Bogarlínu í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna. Mótun tillagna um fjárhagslegra og verklegra framkvæmda við lagningu línunnar og ákvörðun um formlegan vettvang um eignarhald og rekstur	Formleg staðfesting á legu línunnar í svæðisskipulagi hb. svæðisins og í aðalskipulagi sveitarfélaganna fyrir árslok 2017. Mótun formlegs samráðs ríkis og sveitarfélaga um verkefnið (júni 2017).	2015-2017
"Location Reykjavik Capital area"	9.000.000	580.081	SSH	Mótun sameiginlegs vettvangs sveitarfélaga og annarra haghafa sem vinna að kynningu á hb.svæðinu gagnvart erlendum fjárfestum og öðrum erlendum aðilum sem horfa til búsetu eða náms hérlandis. Uppsetning og rekstur upplýsingavefs. Móttaka fyrirspurna, svörun og miðlun til að tengja saman áhugasama aðila og þá sem tekið geta við einstökum fyrirspurnum og verkefnum.	Fullmótuð vefsíða sem uppfyllir markmiðslýsingu. Formlegur samstarfsvettvangur sbr. markmiðslýsingu	2015-2019
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	4.835.038	1.686.099	SSH	Að tryggja að á vettvangi SSH verði á hverjum tíma til staðar aðgengilegar ítarlegar upplýsingar um lykilstærðir um höfuðborgarsvæðið, s.s. lýðfræði, húsnæðis- og skipulagsmál.	Lifandi gagnagrunnir í tengslum við heimasíðu SSH, verkferlar og formlegt samstarf sem tryggir reglubundna uppfærslu á gagnagrunni.	2015-2019
Samtals	32.820.399	5.832.101				


Suðurland - 46.370.000 til 16 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Skaftárhreppur til framtíðar (Brothættar byggðir)	3.000.000	0	Kirkjubæjarstofa	Að stöðva viðvarandi fólksfækkun. Verkefnið miðar að viðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir.	Samfélag sem uppfyllir ekki lengur skilgreiningu Bygðastofnunar sem "brothætt byggð"	Til loka árs 2017
Kortavefur Suðurlands	4.000.000	0	Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS)	Kortleggja auðlindir Suðurlands og auka aðgengi að upplýsingum um svæðið. Þróa leiðir í framsetningu gögnum s.s. Aðal-skipulögum og gögnum frá stofnunum.	Kortavefur Suðurlands	Langtímaverk efni. Þessi áfangi / vor 2017.
Framtíð háskólanáms á Suðurlandi/Málþing	#####	0	SASS og Háskólafélag Suðurlands	Koma á samtali milli sveitarfélaga, háskóla á Íslandi og ríkisvaldsins.	Málþingið sjálft, myndbandsupptakan	2016
Markaðsgreining fyrir áfangastaðinn Suðurland – 2. áfangi	2.250.000	0	Markaðsstofa Suðurlands	Markaðsgreining sem nýtist sem grunnur að áætlun í markaðssókn. Fá ferðamenn til að dvelja lengur og fara víðar um svæðið. Grunnur að samhæfðri markaðsáætlun.	Markaðsgreining og markaðsáætlun fyrir áfangastaðinn Suðurland.	2016
Starfamessa 2017	6.000.000	0	SASS	Kynna fyrir 9. og 10. bekkjum og 1. og 2. bekk framhaldsskóla nám og störf í verk-, tækni- og iðngreinum sem í boði eru.	Að viðburðurinn sé haldinn.	2016-2017
Ráðstefna ungmennaráða - kynningarefni	1.000.000	0	Ungmennaráð Árborgar	Gera kynningarefni fyrir ungmenni sem starfa eða vilja starfa í ungmennaráði.	Handbók og kynningarmyndband.	2016-2017
Greining á fjarnámsþörf á Suðurlandi	3.000.000	0	Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands	Meta þörf og eftirspurn á fjarnámi á háskólastigi. Meta áhuga hugsanlegra háskólanema og atvinnurekenda á Suðurlandi á háskólamenntun.	Skýrsla Félagsvísindastofnunar.	Síðari hluti ársins 2016
Sunnlenskar vörur - sameiginleg markaðssetning	1.970.000	0	SASS	Sameiginlegur vettvangur/vefsvæði til að koma sunnlenskum vörum á framfæri. Láta gera lógó fyrir sunnlenskar vörur sem væri auðþekktanlegt og sýnilegt.	Vettvangur/vefsvæði til að koma sunnlenskum vörum á framfæri til endursöluáðila á Suðurlandi. Lógó.	2016-2017
Strætó - markaðsgreining og kynning	2.000.000	0	SASS	Að greina með hvaða hætti framhaldsskólanemendur ferðast til og frá skóla. Að kanna af hverju almennissamgöngur eru ekki meira notaðar / aðgerðaráætlun.	Niðurstöður um af hverju almenningsamgöngur eru ekki meira notaðar. Að auka notkun meðal ungmenna.	2016
Svæðisleiðsögn á Suðurlandi	1.500.000	0	Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi	Að mennta fólk til að sinna svæðisbundinni leiðsögn á Suðurlandi. Að undirbúa fólk undir að öðlast full réttindi sem leiðsögumenn (1. hluti leiðsögunáms).	Yfir 20 leiðsögumenn með svæðisbundin leiðsöguréttindi á Suðurlandi.	2016-2017
Atvinnuskapandi nemendaverkefni	4.000.000	0	SASS	Auka samvinnu og tengingu nemenda við fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög. Að verkefnið leiði til atvinnusköpunar, aukinnar framlegðar, bættrar þjónustu eða útvíkkunar á starfsemi. Að kynna starfsumhverfi fyrirtækja/stofnana.	Lokaverkefni nemenda unnin með tengsl við atvinnuþróun og nýsköpun á Suðurlandi.	2016-2017
Suðurland - sjálfbært samfélag	500.000	0	SASS	Að leggja mat á það með hvaða hætti er hægt að vinna að greiningu á stöðu Suðurlands út frá sjálfbærni og leggja mat á ólíkar leiðir til að vinna að því marki, með áherslu á samanburð á vottunum.	Greinargerð.	2016
Skógarvinnsla á Suðurlandi	6.000.000	0	Félag skógareigenda á Suðurlandi	Að byggja upp nýja atvinnugrein við úrvinnslu og markaðssetningu á íslenskum skógarafurðum.	Full fjármagnað rekstrarfélag með áætlun og framtíðarsýn um þróun nýrrar atvinnugr.	2016-2017
Plastpokalaust Suðurland	3.400.000	0	SASS	Frstu skrefin að verkefninu Sjálfbæru Suðurlandi. Halda málþing þar sem farið verður yfir hvernig taka má fyrstu skref í átt að plastpokalausu Suðurlandi.	Heimasíða, markaðs efni og leiðbeiningar til þess að setja upp Pokastöðvar. Málþingi. Niðurstaða greiningarvinnu.	2016-2017
Nýsköpun sem nám í grunnskólum á Suðurlandi	5.000.000	0	SASS	Að innleiða þekkingu á stafrænni framleiðslutækni í grunnskólum. Að efla þekkingu og áhuga á verk- og tækninámi. Kynna nemendur fyrir Fab Lab smíðjum.	Kennslunámsefni. Kennarar þjálfaðir í kennslu um Fab Lab. Aukin nýsköpunarhugsun nemenda.	2016-2018
Samræming korta í ferðamálum á Suðurlandi	2.000.000	0	Markaðsstofa Suðurlands	Að ná samræmdum árangri í markaðssetningu á áfangastaðnum Suðurlandi með útgáfu á nýjum kortum byggt á þri-skiptingu svæðis markaðsgreiningarinnar, þar sem áherslur svæða koma fram.	Samræmt útlit korta/kynningarefnis fyrir áfangastaðinn.	2016-2017
Samtals	46.370.000	0				

Suðurnes - 35.639.468 til 7 verkefna

Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Móttframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Tengsl atvinnulífs og skóla	3.500.000	0	Þekkingarsetur Suðurnesja	Kynna störf á svæðinu og þá nýsköpun sem á sér stað fyrir annars vegar nemendum og hins vegar almenningi. Greina atvinnulíf á svæðinu. Einnig að auka þekkingu nemenda á framtíðarstörfum á Suðurnesjum	Skýrsla um atvinnulíf á Suðurnesjum, starfakynning og skapandi smíðja í fullri notkun	2015-2019
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á mentun í takt við atvinnulífið á svæðinu.	3.418.200	0	Þekkingarsetur Suðurnesja	Minnka brottfall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum. Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma.	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum og skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesjum og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu.	2015-2019
Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes	13.000.000	1.083.680	Markaðsstofa Suðurnesja og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði	Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes og skýrsla um hvernig markaðsáætluninni verður fylgt eftir	2015-2019
Samstarf í ferðaþjónustufyrirtækja á Suðurnesjum	9.000.000	0	Reykjanes Geopark og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Tengja ferðaþjónustuaðila á Suðurnesjum með bætt samstarfsumhverfi að markmiði, fjölga gistinguðrum og auka arðsemi greinarinnar.	Samantekt á samstarfsverkefnum, samstarfsaðilum og uppbyggingu áningarstaða	2015-2019
Jákvæð sjálfsmynd	1.000.000	0	Markaðsstofa Suðurnesja, Reykjanes Geopark og menntastofnanir á Suðurnesjum	Auka stolt og þekkingu Suðurnesjamanna á svæði með samstarfi sveitarfélaga á svæðinu	Námsefni um Suðurnes	2015-2019
Þjónusta og þekking í ferðaþjónustu	2.000.000	0	S.S.S., Markaðsstofa Reykjanes og Reykjanes Geopark	Fjölga fagmenntuðum starfsmönnum í ferðaþjónustu og hvetja fyrirtæki til að nýta sér þá fræðslu og menntun sem býðst fyrir starfsmenn í ferðaþjónustu	Samantekt á niðurstöðum greininga á atvinnulífi á Suðurnesjum og framboð námskeiða og námsleiða í ferðaþjónustu	2015-2016
Uppbygging mannaúds á Suðurnesjum	2.637.588	0	Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Uppbygging mannaúds á Suðurnesjum	Stefna um fjölskylduvænt samfélag á Suðurnesjum, greining á hag fjölskyldufólks og kynningarefni um vistvænar samgöngur	2015-2019
Samtals	34.555.788	1.083.680				

VIÐAUKI 3 LANDSHLUTASKIPTING SÓKNARÁETLANA



VIÐAUKI 4 MERKI SÓKNARÁÆTLANA LANDSHLUTA



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS